

EINFALDARA ÍSLAND

Aðgerðaáætlun 2006-2009¹

1. Samráð og gagnsæi við undirbúning nýrrar löggjafar

1.1. Frá og með *1. janúar 2007* skal fylgja hverju stjórnarfrumvarpi (að undanskildu fjárlagafrumvarpi og frumvarpi til fjárukalaga) útfylltur gátlisti (sjá fylgiskjal) þegar það er lagt fram í ríkisstjórn sem sýni að gætt hafi verið að ákveðnum lykilatriðum við undirbúning frumvarpa. Senda ber frumvörp með gátlistanum til ritara ríkisstjórnar um leið og frumvörp eru send í kostnaðarmat hjá fjárlagaskrifstofu. Gátlistinn verður endurskoðaður reglulega í ljósi reynslunnar.

1.2. Frá og með *hausti 2006* mun þingmálaskráin sem fylgir stefnuræðu forsætisráðherra geyma, eftir því sem við á, stutta lýsingu á efni væntanlegra frumvarpa (m.a. komi fram markmið og tilefni lagasetningar).

1.3. Forsætisráðherra mun leita eftir samstarfi við skrifstofu Alþingis um að gefnar verði *á árinu 2007* út leiðbeiningar um samningu stjórnarfrumvarpa. Þar verði meðal annars fjallað um form og uppsetningu lagafrumvarpa, hvernig æskilegt sé að haga samráði við gerð frumvarpa og hvernig eigi að haga mati á áhrifum lagasetningar á atvinnulíf, almenning, sveitarfélög og önnur stjórnvöld.

1.4. *Fyrir árslok 2006* mun dóms- og kirkjumálaráðherra að höfðu samráði við önnur ráðuneyti gefa út leiðbeiningar um samningu og útgáfu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem birtast eiga í B-deild Stjórnartíðinda.

2. Áætlanir um einföldun á tilteknum sviðum

2.1. Ráðuneytin munu gera langtímaáætlun fyrir árin 2007-2009 um það hvernig staðið verði að einföldunarstarfi varðandi þá málaflokka sem undir þau heyra. Það getur falist í því að uppfæra og einfalda lög og reglur, samræma reglur um hliðstæð efni eða einfalda og samræma stjórnarsýslu með þarfir borgaranna í huga, t.d. í formi gagnvirkar, rafrænnar þjónustu á Netinu. Slíkar áætlanir skulu tilgreina forgangsmálaflokka þar sem þörf er á einföldun og samræmingu og setja fram raunhæf og mælanleg markmið. Senda ber áætlunina til forsætisráðherra ekki síðar en *1. september 2007*.

2.2. Stuðlað verður að því að sérþekking varðandi laga- og reglusetningu verði aukin innan ráðuneytanna.

3. Verkefnisstjórn

3.1. Meginábyrgð á því að markmiðum um einföldun laga og reglna sé fylgt eftir hvílir á hverju og einu ráðuneyti. Forsætisráðherra mun hafa yfirumsjón með verkefninu en njóta við það aðstoðar samráðshóps sem settur verður á fót með fulltrúum ráðuneyta, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sérstaklega verður hugað að því hvernig kynna megi verkefnið almenningi og eftir því sem við á flétta upplýsingar og nýja þjónustu inn í vefinn Ísland.is sem til stendur að opna á árinu 2007.

4. Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur

4.1. Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999, mun áfram gegna lykilhlutverki varðandi þau stjórnarfrumvörp og drög að reglugerðum sem undir hana heyra.

¹ Samþykkt í ríkisstjórn 17. október 2006